

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri 2018

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri vegna ársins 2017 var haldinn fimmtudaginn 22. nóvember 2018 kl. 17.00 í aðalbyggingu háskólans, í stofu M102.

Fundinn sátu: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Agnes Eyfjörð, Katrín Árnadóttir, Ketill Sigurður Jóelsson, Kristjana Hákonardóttir, Sólveig María Árnadóttir, Árni V. Friðriksson, Andrés Tryggvi Jakobsson, Helena Sjørup Eiríksdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Hólmfríður Lilja Birgisdóttir og Einar Brynjólfsson.

Fundargerð

Fundurinn hóst með því að Katrín Árnadóttir, starfsmaður Góðvina HA, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lagt var til að Katrín Árnadóttir yrði kjörin fundarstjóri og Kristjana Hákonardóttir bauð sig fram sem fundarritari.

Var það samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar

Katrín Árnadóttir, starfsmaður Góðvina, flutti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

a. Fjöldi Góðvina

Fjöldi Góðvina 2017-2018 (allir þeir sem greiða félagsgjald) 182 – þeir sem greiddu 2017.

b. Veittir styrkir

Einungis var veittur styrkur til Vísindaskóla unga fólksins upp á 150.000 kr.

c. Heiðursverðlaun við brautskráningu

Á brautskráningu Háskólans á Akureyri 2017 veittu Góðvinir þremur kándídötum viðurkenningu fyrir ötult starf í þágu skólans. Nemendurnir – sem unnu meðal annars í nefndum og við kynningarstörf – fengu að launum gullnælur úr smiðju Kristínar Petru Guðmundsdóttur og er nælan vísan í Íslandsklukkuna.

- Hug- og félagsvísindasvið: Telma Eiðsdóttir
- Heilbrigðisvísindasvið: Hrafnhildur Gunnþórsdóttir
- Viðskipta- og raunvísindasvið: Karen Björk Gunnarsdóttir

d. Móttaka að lokinni brautskráningu

Formaður Góðvina tók á móti afmælisárgöngum.

e. Útgáfa fréttabréfs

Fréttabréf Góðvina fékk nýtt útlit og var dreift með Dagskránni.

f. Fyrirtækjaaðild

Fyrirtækjaaðild var innleidd og þrjú fyrirtæki gerðust Góðvinir.

g. Stofnfjársljóður

Unnið er að stofnsetningunni.

3. Framundan

a. Greiðsluseðlar

Fóru í heimabanka félaga 2017-2018 og nýskráðra (361).

Katrín hvatti fundargesti til að tala um Góðvini út á við og fá fólk til að ganga í Góðvini. Hún sýndi vefsíðu Góðvina og hvernig sótt er um að gerast Góðvinur.

b. Fréttabréf (rafrænt?)

Rætt hvort senda eigi fréttabréf Góðvina einungis rafrænt.

Það gæti dregið úr fjölgun félaga að senda rafrænt bréf aðeins á þá sem þegar eru skráðir í félagið. Til að koma í veg fyrir það er mælt til að fréttabréfið verði sent á HA-netföng núverandi nemenda til að kynna starf Góðvina fyrir þeim. Einnig að nota hluta af kostnaði sem sparast við útsendingu og prentun fréttabréfsins í auglýsingar á samfélagsmiðlum.

Tillaga samþykkt samhljóða.

c. Formleg stofnsetning stofnfjársljóðsins og millifærsla gjafar Góðvina þar inn

Beðið eftir lögfræðilíti.

d. Skipuleggja endurfundi við brautskráningu 14. og/eða 15. júní 2019

Lagt til að bjóða 1 árs útskriftarárgangi á endurfundi til að skapa hefð um endurfundi strax. Sá hópur er líklegri til að fjölmenna í kvöldverð. Einnig var lagt til að fá kennara til að taka á móti hópunum til að skapa samheldni.

Tillögur samþykktar samhljóða.

4. Reikningar

Agnes Eyfjörð gjaldkeri félagsins fór yfir rekstarreikning og efnahagsreikning. Ásamt því að bera saman við fyrri ár.

Rætt um styrki og ferð á Végeirsstaði sem tókst vel.

5. Kosning í stjórn

Brynhildur Pétursdóttir sendir góða kveðju og hættir sem formaður Góðvina. Stjórn Góðvina vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Brynhildar fyrir gott starf í þágu Góðvina. Ketill Sigurður Jónsson kveður sem fulltrúi SHA, Sólveig María Árnadóttir tekur við af honum og Andrés Tryggvi Jakobsson tekur sæti Sólveigar Maríu í varastjórn. Agnes Eyfjörð gjaldkeri félagsins leggur til að Kristín Sigurðardóttir á fjármálasviði HA taki við stafi gjaldkera. Einar Brynjólfsson gefur kost á sér sem formaður Góðvina.

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

STJÓRN

- Einar Brynjólfsson, formaður
- Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi SHA
- Berglind Ósk Guðmundsdóttir
- Elva Gunnlaugsdóttir

VARASTJÓRN

- Andrés Tryggvi Jakobsson, varafulltrúi SHA
- Árni V. Friðriksson
- Kristjana Hákonardóttir
- Þorsteinn Gunnarsson
- Eyrún Elva Marinósdóttir

Katrín Árnadóttir heldur áfram sem starfsmaður Góðvina.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Agnes Eyfjörð, gjaldkeri, kynnti að Auður Jónasdóttir hefur gengt starfi skoðunarmanns reikninga. Agnes leggur til að Harpa Halldórsdóttir taki við af Auði. Hólmfríður Lilja Birgisdóttir býður sig fram sem annar skoðunarmaður reikninga.

Tillögur samþykktar samhljóða.

7. Kosning fulltrúaráðs

Katrín leggur til að 8. grein samþykpta Góðvina verði breytt. Hún er svo hljóðandi:

Í samtökunum skal vera fulltrúaráð skipað stjórn og varastjórn og tíu fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Fulltrúaráðið skal vera stjórn til ráðgjafar um með hvaða hætti samtökin skuli styðja við Háskólann á Akureyri og koma saman til fundar minnst einu sinni á ári. Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í málefnum samtakanna á milli aðalfunda.

Samþykkt að fella út 8. grein og fulltrúaráð verði ekki kosið né starfandi.

8. Lagabreytingar

Katrín kynnti lagabreytingar eins og lagt var til í fundarboði.

Lagt var fram að breyta 3. gr. í:

Félagar í Góðvinum Háskólans á Akureyri teljast þeir sem greiða árgjöld samtakanna; einstaklingar og fyrirtæki.

Var það samþykkt samhljóða.

Út frá þessu skapaðist umræða. Rætt var hvort að þeir sem borgi ekki eigi að halda áfram að vera Góðvinir. Þeir sem greiddu í fyrra fá greiðsluseðil og einnig þeir sem greiddu ekki. Lagt var til að settar yrðu fram verklagsreglur um hvernig félagagjald er rukkað.

Lagt var fram að breyta 5. gr. í:

Stjórn Góðvina skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Þrjú stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi og þar af skal einn vera formaður sem kosinn skal sérstaklega til eins árs í senn og að auki skulu kosnir þrjú varamenn. Háskólaráð tilnefnir einn fulltrúa í stjórn og einn til vara og Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) tilnefnir einn fulltrúa stúdenta í stjórn og einn til vara. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna en formanns er tvö ár. Varamenn skulu kjörnir til eins árs. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig að einn er varaformaður, einn er ritari, einn gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Stjórnin getur ráðið sér framkvæmdastjóra.

Var það samþykkt samhljóða.

Lagt var fram að breyta 6. gr. í:

Ef tilnefning fulltrúa Háskólaráðs og/eða fulltrúa stúdentafélags Háskólans á Akureyri í stjórn samtakanna liggur ekki fyrir á aðalfundi, skal aðalfundur tilnefna þá fulltrúa.

Var það samþykkt samhljóða.

9. Árgjald

Á síðasta fundi var rætt að hækka félagagjaldið ekki. Lítil reynsla komin á fyrirtækjaáæildina.

Samþykkt var að halda árgjaldi óbreyttu:

- Tillaga stjórnar að árgjaldið verði áfram 2.500.-
- Tillaga stjórnar að árgjald fyrirtækja verði áfram 25.000.-

10. Önnur mál – styrkveitingar, endurfundir

- a. Katrín upplýsti að ein styrktarumsókn hefur borist Góðvinum, frá Vísindaskóla unga fólksins.
Styrkveiting upp á 150.000 kr. samþykkt af öllum.
- b. Frambjóðendur í Alumni deild? Verkefni: Skipulagning endurfundar á Háskólahátíð 14. og/eða 15. júní 2019.
 - i. Afmælisárgangar 2018 (1 árs) 2014 (5 ára) 2009 (10 ára), 2004 (15 ára), 1999 (20 ára) og 1994 (25 ára)
 - ii. Móttaka með veitingum á teppinu, lestrarsvæði fyrir ofan aðalinngang
Sólveig og Hólmfríður gefa kost á sér í verkefnið.
- c. Einar kynnti sig og tengingar sínar við Háskólann á Akureyri. Hann er áhugasamur um Góðvini og vonast til að kynnast starfi þeirra sem formaður Góðvina.

Fundi lauk kl. 17.57.